

ORKUSPÁRNEFND

Hagstofa Íslands – Íbúðalánasjóður - Landsvirkjun – Orkustofnun - Orkuveita Reykjavíkur

Rafmagnsveitur ríkisins - Samorka - Þjóðhagsstofnun

Reykjavík, 22. febrúar 2000

FRÉTTATILKYNNING

RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 1999

Árið 1999 nam raforkuvinnsla á landinu samtals 7.185 GWh og jókst um 14,5% frá frá fyrra ári. Meginástæða mikillar aukningar er tilkoma verksmiðju Norðuráls á Grundartanga og aukin notkun Járnblendiverksmiðjunnar. Frá árinu 1996 hefur raforkuvinnslan aukist samtals um 2.072 GWh sem er um þrjú fjórðu af allri raforkuvinnslu vegna almennrar notkunar á því ári. Stórnotkun nam 4.283 GWh á árinu 1999 og hafði aukist um 23% frá árinu á undan en almenn notkun jókst um 4,5% og nam 2.656 GWh. Töp við flutning orkunnar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 245 GWh og minnkuðu um 6,9% á milli ára sem skýrist af tilkomu nýrra flutningsvirkja.

Almenn raforkunotkun er nokkuð háð veðurfari og til að fá rétta mynd af aukningu hennar er notkunin oft leiðrétt út frá lofthita. Hitafar síðasta árs var mjög svipað og í meðalári en árið 1998 var heldur hlýrra. Þegar almenna notkunin árið 1999 hefur verið leiðrétt út frá lofthita verður aukningin 4,2%. Aukning almennrar raforkunotkunar var meiri á síðasta ári en undanfarin ár vegna þess að árið 1998 var ótryggð raforka skert nokkuð en einnig kemur uppgangur í efnahagslífinu fram í aukinni raforkunotkun.

Raforkunotkun á íbúa er mikil hér á landi aðallega vegna hlutfallslega mikillar notkunar stóriðjufyrirtækja og allt bendir til þess að Íslendingar verði með mestu raforkunotkun á íbúa á heimsvísu árið 2000. Á árinu 1999 var notkunin hér á landi 25,9 MWh/íbúa en í Noregi var samsvarandi tala 27,0 MWh/íbúa (vinnsla að viðbættum innflutningi og að frádregnum útflutningi) og hafa þeir verið með mestu notkunina í heiminum undanfarna áratugi.

Forgangsorka

Raforkunotkun er oft greind niður á tvo meginþætti, þ.e. í forgangsorku og ótryggða orku. Meginhluti notkunarinnar er forgangsorka en með ótryggðri orku er átt við notkun þar sem samið hefur verið um að skerða megi notkunina svo sem þegar erfiðleikar eru í vatnsbúskap virkjana.

Notkun forgangsorku nam samtals 6.282 GWh og eru dreifitöp þá meðtalin og jókst hún um 20,9% frá fyrra ári. Stórnotkun nam 3.925 GWh og jókst um 34,4% en almenn notkun nam 2.357 GWh og jókst um 3,6%. Eftir hitastigsleiðréttingu er aukning almennrar notkunar 3,3%. Síðan 1996 hefur almenn forgangsorkunotkun aukist um 190 GWh og stórnotkun um 2.294 GWh.

Aukning almennrar notkunar hefur verið nálægt 2,5% síðustu fimm ár en næstu sex ár þar á undan var aukningin minni. Meginástæða þessa er uppsveiflan sem nú er í atvinnulífi landsmanna en landsframleiðsla hefur aukist yfir 5% á ári síðustu fjögur árin. Raforkunotkunin sveiflast að jafnaði með landsframleiðslunni en sveiflurnar eru þó að jafnaði minni í raforkunotkuninni enda er vöxtur hennar einungis um helmingur á við vöxt landsframleiðslu síðustu árin. Aftur á móti er aukning raforkunotkunar hlutfallslega mun meiri en fólksfjölgun, en landsmönnum hefur fjölgað um 0,9% á ári að meðaltali síðustu fimm árin. Á árunum 1989 til 1994, þegar landsframleiðsla stóð að mestu í stað, var aukning í notkun almennrar forgangsorku mun minni eða nálægt 1% á ári.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur notkun almennrar forgangsorku aukist um 13% frá árinu 1996 eða um 4,2% að meðaltali á ári, en ef til samanburðar er horft á notkunina á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi hefur notkun forgangsorku aukist samtals um 2,4% á þessu tímabili, sem jafngildir um 0,8% aukning á ári að meðaltali. Byggðaðþróun undanfarinna ára kemur því greinilega fram í almennu raforkunotkuninni en einnig hafa aðrir þættir áhrif svo sem fjölgun og stækkun hitaveitna.


Ótryggð orka

Notkun ótryggðrar orku nam samtals 657 GWh á síðasta ári og minnkaði um 19,4% frá fyrra ári (áætluð dreifitöp meðtalin) eða um 158 GWh. Aukning í almennu notkuninni var 12,3% (11,9% hitastigsleiðrétt) en árið á undan hafði notkunin minnkað um 24%. Gert hafði verið ráð fyrir að ótryggð orka til stóriðju myndi minnka vegna breyttra samninga og nam minnkunin 35%. Í spá frá 1997 var miðað við að almennur markaður fyrir ótryggða orku yrði 381 GWh árið 1999, en raunnotkunin varð 299 GWh (hitastigsleiðrétt). Skýringin er sú að árið 1998 var sala á ótryggðri orku skert í fyrsta skipti í um einn og hálfan áratug vegna hættu á vatnsskortu við orkuver og þó einnig væri skerðing á síðasta ári var hún minni en árið á undan. Auk þess notuðu loðnubræðslur minni orku en ráð var fyrir gert. Vegna þess hve rennsli til virkjana er breytilegt verður framboð á ótryggðri orku mismunandi á milli ára og kaupendur hennar verða að vera viðbúnir því að til skerðingar geti komið. Á móti er verð á þessari orku mun lægra en á forgangsorkunni.


Samanburður við spá frá 1997

Síðustu raforkuspár Orkuspárnefndar hafa staðist mjög vel. Ef litið er á nýjustu spána sem kom út á árinu 1997 var áætlað að notkun á almennri forgangsorku árið 1999 næmi 2.356 GWh en raunnotkunin eftir hitastigsleiðréttingu nam 2.357 GWh. Raforkuvinnslan í heild sinni var heldur minni en áætlað var eða 7.185 GWh í stað 7.299 GWh vegna þess að notkun á ótryggðri orku var minni en áætlað hafði verið enda er sú notkun breytilegt eftir árferði. Í spánum er ætíð miðað við áætlaðan markað fyrir ótryggða orku en sú notkun er breytileg bæði


vegna þess að rennsli er breytilegt við virkjanir og vegna þess að notkun kyntra hitaveitna á slíkri orku er háð veðurfari. Einnig er loðnuveiði breytileg milli ára en fjórar slíkar verksmiðjur kaupa ótryggða orku.




Mynd 1 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-99. Forgangsorka, rauntölur.



Mynd 2 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-99. Forgangsorka, hitastigsleiðrétt (án flutningstapa).



Mynd 3 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-99. Ótryggð sorka, rauntölur.



Mynd 4 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-99. Ótryggð orka, hitastigsleiðrétt (án flutningstapa).